

í lóð, mannvirkjum og húsum skuldunautar í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með 169
forgöngu veðrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. 21. okt.

5. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júlí og 31. desember næst á eftir að húsið komst í samband við holræsakerfið eða átti kost á því. Gjaldið greiðist odd-
vita eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 krónum
Mát út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem önnur lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

REGLUR

um gerð rekakkerá.

170

26. okt.

Samkvæmt 34. og 76. gr. laga nr. 68 5. júní 1949 eru hér með settar reglur um
gerð rekakkerá.

1. gr.

Rekakkeri, sem notuð eru í bjargbátum íslenzkra skipa, skulu vera þannig gerð:

Rekakkerin skulu vera keilumynduð, opin í báða enda.

Fyrir bjargbáta, sem eru allt að 8 m á lengd, skal efra opið vera 61 cm í þvermál.

Fyrir bjargbáta, sem eru 8 m og þar yfir, 69 cm í þvermál.

Neðra opið skal vera 12,5 cm í þvermál.

Lengd frá efra opi að því neðra skal vera 122 cm.

Báðir hringirnir skulu vera úr 10 mm galvaniseruðu jární.

Segldúkurinn skal vera 1. flokks dúkur í þremur hlutum, vel saumuðum saman,
og á þeim kaðall 45 mm í þvermál, sem enda skal í hanafæti 75 cm löngum og með
„kós“.

Kaðall rekakkersins skal vera:

Í bjargbátum minni en 7,92 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 63 mm.

Í bjargbátum minni en 9,14 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 76 mm.

Í bjargbátum yfir 9,14 m á lengd, 4 × lengdin, ummál 88 mm.

Kaðlinum skal vel fest í rekakkerið.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.